

✉ Re: Deiliskipulag frístundabyggðar Brekkna, Kjósarhreppi

Búið til	6.10.2021 13:44:29
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	6.10.2021 13:44:28
Tilheyrir	 202109-0011 - Deiliskipulag frístundabyggðar Brekkna, Kjósarhreppi

Efni

Re: Deiliskipulag frístundabyggðar Brekkna, Kjósarhreppi

Upplýsingar

Sent	6.10.2021 13:44:28	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	sigurdur@kjós.is

Innihald

Góðan dag,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202109-0011 (SS).

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá skipulags- og byggingarfulltrúa Kjósarhrepps, dags. 8. september 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Brekkna, Kjósarhreppi.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir deiliskipulagstillöguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Líkt og kemur fram í greinargerð deiliskipulagstillögunnar er skipulagssvæðið að hluta til inn á svæði á náttúruminjaskrá þ.e.a.s. Laxárvogur og Laxá í Kjós nr. 134. Svæðið er ekki nálægt Laxárvogi en Laxá í Kjós er skammt frá og tryggja þarf að framkvæmdir valdi ekki hættu á að mengun berist til árinna. Einnig þarf að huga að því að aukið umfang fráveitu og sorphirðu vegna uppbyggingar frístundabyggðar feli ekki í sér ógnir fyrir ána og lífríki hennar.

Í greinargerð deiliskipulagsins er vandlega greint frá náttúrufari svæðisins, einkum gróðurfari og því fuglalífi sem einkennir tilteknar vistgerðir. Jákvætt er að tekið sé fram að taka þurfi sérstakt tillit til vistgerða með hátt verndargildi á framkvæmdatíma og að sett sé krafa um uppgræðslu. Huga þarf að því að ekki sé sáð ágengum framandi tegundum. Leyfi eru veitt fyrir gróðursetningu trjágróðurs. Náttúrufræðistofnun mælir með því að forðast sé að planta trjágróðri í þær vistgerðir sem metnar eru með hátt verndargildi og fjallað er um í greinargerðinni.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (http://www.ni.is/)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Sigurður H. Ólafsson" <sigurdur@kjos.is>
To: "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Minjastofnun Íslands" <postur@minjastofnun.is>; "Eftirlit" <eftirlit@eftirlit.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "shs@shs.is" <shs@shs.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>
CC: "Karl Magnús" <Oddviti@kjos.is>
Subject: Deiliskipulag frístundabyggðar Brekkna, Kjósarhreppi
Date: 8.9.2021 13:17:41

Góðan dag.

Sent til umsagnar í samræmi við 4. mgr. 40. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagstillagan hefur verið kynnt kynnt almenningi með auglýsingu í Morgunblaðinu þann 8. september sl. og verður einnig kynnt í Lögbirtingablaðinu, ásamt því að vera aðgengileg á heimasíðu Kjósarhrepps og í anddyri hreppsskrifstofu frá 7. september sl.

Sjá hér <https://www.kjos.is/is/stjornsysla/kjosarhreppur/frettir/deiliskipulag-fristundabyggdar-brekna>
(<https://www.kjos.is/is/stjornsysla/kjosarhreppur/frettir/deiliskipulag-fristundabyggdar-brekna>)

Hér með er gefin kostur á að koma á framfæri athugasemdum við deiliskipulagið.

Óskað er eftir að athugasemdirnar berist eigi síðar en 4 vikum frá dagsetningu þessa tölvupósts.

Kær kveðja,

Sigurður H. Ólafsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi Kjósarhrepps

Sími 566 7100 / 898 2297

Netfang: skipulag@kjos.is



Viðhengi

image001.png (159 KB)

image002.png (5 KB)